

Fræðsluþættir frá Geðhjálp

Batahorfur sjúklings

Spurt er: „Hvenær er geðsjúklingur talinn vonlaus og hvað er þá gert?“

Þessari spurningu er mjög erfitt að svara svo vel sé, þar sem fólk leggur misjafna merkingu í hugtakið „vonlaus“. Orsakir og þróun geðsjúkdóma eru mismunandi og getur í sumum tilfellum orðið erfitt að segja til um, hvenær batahorfur sjúklingsins eru litlar eða engar.

Markmið geðheilbrigðisþjónustu er að veita öllum þeim einstaklingum sem til hennar leita þá þjónustu er þeir þurfa á að halda og mögulegt er að veita.

Hér á landi hefur aðstaða til geðlækninga breyst mjög til batnaðar síðasta áratuginn. Umönnun og meðferð geðsjúklunga er háð þeim viðhorfum sem ríkjandi eru á hverjum tíma í þjóðfélaginu. EF viðhorfin gagnvart sjúklingunum eru jákvæð, opnast fleiri möguleikar fyrir þá og starfsaðstæður eru bættar. Þetta hefur sínar víxlverkanir í för með sér. Um leið og starfslíði finnst starf þess metið að verðleikum, fyllist það bjartsýni og

leggur sig fram um að reyna að ná eins góðum árangri og hægt er. Viðhorf starfslíðs, sem starfar með geðsjúklunga, hefur mikla þýðingu.

Afturbati hjá mörgum er hægur, tekur langan tíma og krefst mikillar þolinmæði. Oft er framför í byrjun meðferðar, síðan kemur bakslag og eftir langan tíma verða e.t.v. framfarir aftur. Mörgum þykir erfitt að sjá ekki árangur af starfi sínu fyrr en eftir marga mánuði eða jafnvel ár. Stefnan hér á landi hefur verið sú að hvetja starfsfólk til þess að missa ekki móðinn og trúna á einstaklinginn ef illa gengur, heldur að endurskoða þær starfsaðferðir sem í gangi eru og breyta þeim, en gefast aldrei upp þar til einstaklingurinn hefur náð bestu mögulegu heilsu.

Á undanförunum árum hafa orðið miklar framfarir í meðferð geðsjúkra og batahorfur aukist. Til dæmis þurfa langdvalar geðsjúklingar ekki að tilheyra þeim hópi sjúklunga sem taldir eru ólæknandi þar sem þess eru



dæmi, að geðsjúklingar hafa útskrifast eftir áratuga dvöl á sjúkrahúsi. Sé orsök geðsjúkdómsins lifeðlisleg, t.d. heilaskemmd, getur verið rétt að leggja aðaláherslu á að viðhalda þeirri starfsgetu sem fyrir hendi er. Þar með er ekki sagt, að viðkomandi einstaklingur sé vonlaus, heldur má ekki gera meiri kröfur til hans en hann getur staðið undir án þess að hann fyllist vonleysi. Of miklar kröfur geta verið jafn skaðlegar og of litlar og því er best að stilla kröfunum í hóf, en meta ástand hvers sjúklings fyrir sig og þarfir hans fyrir umönnun og meðferð.

Þórunn Pálsdóttir